

Nd.

135. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Reykhóla.

Flm.: Bergur Jónsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Reykhóla í Reykhólahreppi í Barðastrandarsýslu. Takist eigi samningar um kaup á jörðinni, er ríkisstjórninni heimilt að taka hana eignarnámi samkvæmt lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um eignarnám.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Jörðin Reykhólar í Reykhólahreppi, sem verið hefir eitt af merkustu höfuðbólum þessa lands, er komin í niðurníðslu, einkum hvað húsakost snertir. Jörðin er nú eign dánarbús, en í því búi er óvenjumikill fjöldi erfingja. Jörðin er aðaleign dánarbúsins og því mjög óhægt um vik að skipta búinu, nema sala takist á jörðinni. Reykhólar eru, auk óvenjumikils landrýmis, ein með mestu kostajörðum á landinu. Jarðhiti er þar afarmikill og áreiðanlega nægur til þess að hita upp öll þau hús, sem reist kynnu að verða á jörðinni, jafnframt því, að hann myndi nægja til þess, að reka mætti þar mikla garðrækt, svo sem kartöflurækt og aðra ræktun jarðarávaxta í ríkuum mæli, og ennfremur margskonar jarðyrkjuframkvæmdir. Æðarvarp og selatekja er mikið. Beitolönd góð og ræktunarski Tyrði óvenjumikil og hagstæð. Fullyrða má, að hvergi vestanlands er betri aðstaða til nýbýlastofnana og samvinnubyggðar. Væntanlegur héraðsskóli fyrir Breiðfirðinga væri hvergi betur kominn, enda hefir Ungmennasamband Breiðfirðinga sent Alþingi áskorun um að reisa slíkan skóla þar.

Að öllu þessu athuguðu virðist sjálfsagt og nauðsynlegt, að ríkið tryggi sér eignarráð yfir Reykhólum og síðan verði um það séð, að þessari dýrmætu eign verði sá sómi sýndur, sem hæfir.

Nánar í framsögu.